

Fréttatilkynning 11. júní 2011:

## **Umhverfisstofnun réttir lögbrjótum hjálparhönd: Friðland á valista vettvangur skemmdarverka og þjófnaðar í skjóli vísitandi vanrækslu embættismanna.**

Aðfararnótt 10. júní s.l. var gerð innrás í friðlandið á Dyrhólaey, sem samkvæmt opinberri tilskipun er lokað fyrir umferð til verndunar fuglalífs í eyinni. Stórt og rammgert hlið, hliðstólpar og skilti ábúenda, upplýsingaskilti Umhverfisstofnunar og lokunarslár og umferðarmerki Vegagerðarinnar voru tekin upp og þeim stolið í skjóli nætur. Friðlandið var skilið eftir opið fyrir umferð sem streymdi síðan inn á varplönd eyinnar langt fram eftir degi. Starfsmenn ábúenda og sveitarfélagsins urðu síðar vitni að því að fyrrum lögreglumaður á svæðinu fjarlægði hlið og upplýsingaskilti sem sett höfðu verið upp til bráðabirgða.

Umhverfisstofnun var tilkynnt um málið þegar í stað að morgni föstudags en stofnunin vanrækti lengi vel að tilkynna málið til lögreglu. Þótt um augljós skemmdarverk og ógn við friðlýst svæði væri að ræða létu yfirmenn stofnunarinnar málið sig engu skipta fyrr en löngu eftir að skaðinn var skeður og ábúendur höfðu kært málið til lögregluyfirvalda. Þegar lögreglumenn frá Hvolsvelli mættu á staðinn gátu þeir lítt aðhafst þar sem þeir höfðu ekki umboð Umhverfisstofnunar til að loka svæðinu auk þess sem stofnunin hafði vanrækt að taka formlega ákvörðun um framhald lokunar.

Dyrhólaey var fyrir nokkru sett á valista friðlýstra svæða sem verst eru farin vegna ofálags af völdum umferðar ferðamanna. Þörf á verndun lífríkis eyinnar hefur aldrei verið jafn augljós og einmitt nú. Lengi vel var Dyrhólaey jafnan lokað á tímabilinu 1.5-25.6 ár hvert til verndar fuglalífinu. En á síðustu árum hefur Umhverfisstofnun – vegna þrýstings frá nokkrum aðilum í ferðaþjónustu – hvað eftir annað opnað eyna á miðjum varptíma með hrikalegum afleiðingum fyrir fuglalífið. Friðlýsing eyinnar kveður þó á um að ekki megi skaða fuglalíf í eyinni. Umhverfisstofnun auglýsti lokun Dyrhólaeyjar 5. maí til 8. júní þetta vor með ákvæði um mögulega framlengingu, en ákvörðun um framlengingu var ekki tekin fyrr en 10. júní. Umrædd skemmdarverk og þjófnaður voru þannig unnin í skjóli vanrækslu Umhverfisstofnunar.

Ábúendum sem annast allar girðingar og hlið við Dyrhólaey hafa enn ekki borist nein fyrirmæli frá Umhverfisstofnun um að loka svæðinu og bráðabirgðahlið sem sett voru upp í gær voru í nótt fjarlægð. Friðlandið er því opið og án allrar verndar, sem er skýlaust brot á friðlýsingu og lögum um náttúruvernd.